55
5. júní

| | | | |
|---|---|---|---|
| Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. eru veittar | ............ | kr. | 387 994.05 |
| — — — — - 13. — A. — — | ............ | — | 12 103 559.51 |
| — — — — - 13. — B. — — | ............ | — | 2 871 037.23 |
| — — — — - 13. — C. — — | ............ | — | 287 068.41 |
| — — — — - 13. — D. — — | ............ | — | 1 235 092.71 |
| — — — — - 14. — A. — — | ............ | — | 1 340 918.94 |
| — — — — - 14. — B. — — | ............ | — | 2 897 975.52 |
| — — — — - 15. — A. — — | ............ | — | 1 024 023.36 |
| — — — — - 15. — B. — — | ............ | — | 348 013.24 |
| — — — — - 16. — A. — — | ............ | — | 1 292 824.21 |
| — — — — - 16. — B. — — | ............ | — | 434 995.81 |
| — — — — - 17. — — — | ............ | — | 375 475.40 |
| — — — — - 18. — — — | ............ | — | 813 230.65 |
| — — — — - 19. — — — | ............ | — | 11 427 608.10 |
| | | Kr. | 58 530 992.04 |
| Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar | .......... | — | 27 582 737.93 |
| Inn fóru kr. 13 115 845.64 fram úr fjárlagaáætlun. | | | |
| | | Kr. | 86 113 729.97 |

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

56
5. júní

# LÖG

## um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1957.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*